

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorhirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddaga og fasteignagjöld. Auk þess er innheimt hálft gjald af frístundahúsum með sama hætti.

Búrekstraraðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldrskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur upphæð gjaldsins mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorhirðugjaldið og úrvinnslugjald á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorhirðugjald, kr. 40.044.
- b) Frístundahús, kr. 20.022.
- c) Gjöld vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð eru eftirfarandi:
Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 3.142 og urðunargjald kr. 3.793 eða samtals kr. 6.935.
Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals móttöku- og flutningsgjald kr. 32 og urðunargjald kr. 38 og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist móttöku- og flutningsgjald kr. 3.142 og urðunargjald kr. 3.793.
- d) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- e) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang, losuð tvisvar í mánuði, 27.619 kr./ár.
- b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang, losuð tvisvar í mánuði, 36.825 kr./ár.
- c. 240 lítra endurvinnslutunna, losuð einu sinni í mánuði, 13.677 kr./ár.
- d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hverrar búfjártategundar samkvæmt búfjárefirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir	814 kr./grip	Sauðfé og geitfé	150 kr./grip
Hross	320 kr./grip	Grísir	530 kr./grip

5. gr.

Gjaldrskrá þessi, sem samrin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2016.

Jafnframt fellur fyrri gjaldrskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1292/2014 úr gildi.

Nr. 1073

18. nóvember 2015

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

Samþykkt á fundi umhverfisráðs 2. október 2015.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 27. október 2015.

Dalvíkurbyggð, 18. nóvember 2015.

Bjarni Th. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. desember 2015